



Verkefnið sem ÍAV hefur umsjón með, felur í sér hönnun, smíði, uppsetningu, sandblástur, málun og uppsetningu rennslismæla á tveimur þrýstivatnspípum fyrir Búðarhálsvirkjun.

Vinna við hönnun verksins hófst í október 2011 og smíði á pípunum byrjaði í janúar 2012. Fyrstu pípunum var komið fyrir á svæðinu í maí sl. Verkið hefur að mestu verið unnið í undirverktöku. Verkis sér um hönnun þrýstípípanna auk Montavars. Teknis ehf. sér um smíði og uppsetningu pípanna, Verkvík/Sandtak ehf. um sandblástur og málun þeirra að innan, eftir uppsetningu. Rittmeyer sér um smíði og uppsetningu á flæðimælum.

Þrýstivatnspípunar eru hvor um sig 5,8 metrar í þvermál og um 50 metrar að lengd. Þykkt pípanna er 20-22 mm og í verkið mun fara um 560 tonn af stáli.

Fjöldi starfsmanna við verkefnið var um 30 manns.

## **Verkkaupi**

[Landsvirkjun](#)

## **Upphaf framkvæmda**

[September 2011](#)

## **Byggingastjórn**

[Teknis](#)

## **Eftirlit**

[Landsvirkjun/Mannvit](#)

## **Lok framkvæmda**

[Ágúst 2013](#)

## **Burðarþolshönnun**

[Verkis](#)



Rörin eru framleidd í 3 metra hólkum sem settir eru saman í 6 metra einingar sem fluttar eru af verksstæði á byggingarstað.

Einingarnar verða alls 48 talsins og þyngd þeirra er frá 18-23 tonnum. Einingarnar eru híðar niður af inntaksmannvirkinu og niður á sérsmiðaðan vagn sem flytur þær á sinn stað. Vagninn er líka notaður til að stilla einingarnar af áður en þær eru festar niður á innsteypta platta.